



Bílaleigutrygging kreditkorta Landsbankans

Skilmáli F-25

Viðskiptavinir Landsbankans sem hafa gilt Platinumkort, Premiumkort, Viðskiptakort og Premium vildarviðskiptakort njóta tryggingaverndar samkvæmt skilmála þessum.

Um trygginguna gilda lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, ef eigi leiðir annað af skilmálum þessum eða öðrum ákvæðum tryggingarsamnings.

Bílaleigutrygging felur í sér kaskótryggingu og viðbótar ábyrgðartryggingu.

Helstu þættir tryggingarinnar og hámarksbætur eigin áhættu eru:

Bótapáttur	Hámarksfjárhæð	Eigin áhætta
Kaskótrygging	USD 50.000	kr. 25.000
Viðbótarábyrgð	USD 1.000.000	

Skilgreiningar

Eftirfarandi orð og orðasambönd hafa eftirfarandi merkingu í skilmálum þessum:

Bílaleigubíll: merkir hvern þann bíl sem tekinn er á leigu samkvæmt samningi, til eins eða fleiri daga eða vikna, hjá bílaleigufyrirtæki eða umboði þess sem hefur öll tilskilin leyfi hlutaðeigandi yfirvalda í viðkomandi landi, fylki eða sveitarfélagi.

Bílaleigusamningur: merkir samning sem tryggður gerir um leigu á bílaleigubíl hjá viðurkenndri bílaleigu eða viðurkenndri umboðsskrifstofu með tilskilin leyfi hlutaðeigandi yfirvalda.

Dvalarland: merkir land þar sem tryggður hefur a) lögheimili, b) búsetu vegna náms eða starfs eða c) búið samfelld í a.m.k. 180 daga.

Félagið: merkir Vörður tryggingar hf.

Korthafi: er sá sem hefur Platinumkort, Premiumkort, Viðskiptakort eða Premium vildarviðskiptakort í gildi.

Kreditkort: merkir kort gefið út af Landsbankanum.

Leigutímabil: merkir tímabilið sem bílaleigubíllinn er tekinn á leigu og tryggður öðlast lögmætan tímabundinn yfirráðarétt yfir honum og fellur úr gildi á þeirri stundu sem bílaleigan tekur aftur við honum, hvort heldur á afgreiðslustað sínum eða annars staðar.

Líkamstjón: merkir líkamsmeiðsl eða veikindi, þ.m.t. andlát sem orsakast af þessum sökum.

Skemmdir á eignum: merkir efnislegar skemmdir eða eyðileggingu á áþreifanlegum eignum sem eiga sér stað á tryggingartímabilinu, þ.m.t. afnotamissi á eignum.

Tryggður: merkir þann sem kröfu á um greiðslu bóta eða nýtur tryggingarverndar ef til tjóns kemur. Þar er um að ræða korthafa Platinumkorts, Premiumkorts, Viðskiptakorts og Premium vildar viðskiptakorts sem skráður er ökumaður bílaleigubílsins, svo og aðra skráða ökumenn bílaleigubílsins sem uppfylla að vera einhverjir af eftirtöldum aðilum: Maki hans, sambýlismaki, börn, foreldrar, tengdforeldrar og systkini.

Tryggingarbætur: merkir fjárhæðir þær sem greiddar eru skv. viðgerðarreikningum, við samninga um lyktir kröfu eða samkvæmt dómi.

Tryggingartímabil: merkir tímabil það sem skráð er í bílaleigusamningi og tekur til þess tímabils sem tryggður hefur bílaleigubíllinn undir höndum. Fyrsti dagur leigutímabils verður að vera innan tryggingartímabils til þess að trygging þessi gildi og gildir tryggingin aldrei yfir leigutímabil sem varir lengur en 31 dag samfelld.

Viðbótar ábyrgðartrygging: merkir tryggingu þessa og tekur við þegar skaðabótakröfur sem falla kunna á tryggðan hafa farið fram yfir tryggingarfjárhæðir og sjálfsábyrgðir lögbundinnar ábyrgðartryggingar bílaleigubílsins og/eða annarra viðlíkrar ábyrgðartryggingar sem bílaleigufyrirtækið hefur tekið.

1. Kafli. Kaskótrygging bílaleigubíls

1. gr. Gildisákvæði

- Korthafi nýtur trygginga samkvæmt þessum skilmála meðan kreditkort hans er í gildi og samningur er um tryggingarnar á milli félagsins og Landsbankans.
- Hafi korthafi Platinumkorts, Premiumkorts, Viðskiptakorts eða Premium vildarviðskiptakorts í gildi mun félagið bæta hinum tryggðu, sem nafngreindir eru í bílaleigusamningi og falla undir kort leigutaka það tjón sem verða kann á bílaleigubílnum og þeir eru ábyrgir fyrir skv. ákvæðum bílaleigusamningsins.
- Tryggingin gildir einungis yfir leigu í allt að 31 dag á 90 daga ferðatímabili.
- Tryggingin, samkvæmt þessum hluta skilmálanna, er veitt vegna leigu á einum bílaleigubíl í hverju einstöku tilvik.
- Tryggingin tekur eingöngu til bílaleigubíla sem eru í eigu bílaleigufyrirtækis með tilskilin leyfi.
- Ef keypt er trygging af bílaleigunni greiðir félagið mismun á eigin áhættu í þeirri tryggingu og þessari tryggingu, ef hún er lægri.
- Tryggingarákvæði samkvæmt skilmálum þessum eru hvorki viðtækari né þrengri en gilt hefði um LDW-tryggingu (loss damage Waiver) eða aðra sambærilega tryggingu sem í boði var hjá þeirri bílaleigu sem viðkomandi bílaleigubíll tilheyrir.
- Tryggðir eru öikumenn bílaleigubílsins sem eru korthafi Platinumkorts, Premiumkorts, Viðskiptakorts eða Premium vildarviðskiptakorts svo og öikumenn sem tengjast korthafa: maki, sambýlismaki, börn, foreldrar, tengdforeldrar og systkini. Í Viðskiptakorti og Premium vildarviðskiptakorti er viðskiptavinur eða samstarfsfélagi í samfylgd korthafa einnig tryggðir. Skulu tryggðir öikumenn vera skráðir í bílaleigusamningi og skal þá þeirra sem fyrstur er tilgreindur vera handhafi Platinumkorts, Premiumkorts, Viðskiptakorts eða Premium vildarviðskiptakorts, tryggðir öikumenn skulu hafa gild ökuskráteini.

Trygging þessi gildir ekki á Íslandi, Rússlandi og fyrrum lýðveldum Sovétríkjanna (Eystrasaltsríkin undanskilin) og Afríku (S.-Afríka undanskilin) og ekki innan dvalarlands korthafans.

2. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir bætur vegna:

- skemmda á ökutækinu sjálfu og eðlilegum aukahlutum þess af völdum eldingar, eldsvoða, sprengingar, árekstrar, áaksturs, veltu og útafaksturs.
- þjófnaðar og skemmdarverka á ökutækinu.

3. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Félagið greiðir ekki bætur þegar:

- bílaleigubíll er leigður af öðrum en korthafa.
- tryggður hefur ekki öðlast réttindi til að aka ökutæki því er um ræðir eða hefur misst réttindi til að aka því.
- tjóni hefur verið valdið af ásetningi, en sé tjóni valdið af stórkostlegu gáleysi tryggðs losnar félagið úr ábyrgð í heild eða að hluta.
- tjón verður vegna kappaksturs, aksturskeppni, reynsluaksturs eða æfingar fyrir slíkan akstur. Eða þegar ekið er á keppnisbrautum þó að ekki sé um keppni að ræða.
- um er að ræða akstur þar sem bannað er að aka ökutækinu, akstur annars staðar en á vegum landsins, svo sem á túnum, engjum, á snjósköflum, á ís, yfir óbrúaðar ár eða læki, um fjörur, forarvöð, vegatroðninga og/eða aðrar vegleysur. Þó bætast skemmdir er verða þegar ökumaður hefur neyðst til að fara út af akbraut, t.d. vegna viðgerðar á vegi.
- um er að ræða notkun ökutækisins sem brýtur í bága við skilmála bílaleigusamnings og ákvæði tryggingarskilmála.
- um er að ræða skemmdir er verða vegna efnisgalla, hönnunargalla, smíðisgalla, viðgerðargalla eða bilunar ökutækisins, þó bætast skemmdir sem hljóttast af þessum orsökum á öðrum hlutum ökutækisins ef um áakstur, árekstur, veltu eða útafakstur er að ræða.
- tjón verður sem rekja má til eðlilegs slits eða ófullnægjandi viðhalds bílaleigubílsins.
- tjón verður af völdum stríðs (hvort sem stríði hefur verið lýst yfir eða ekki), borgarastyrjaldar, óeirða, uppbota, upptöku eignar eða þjófninga, valdboðskröfu, eyðileggingar eða skemmda á bílaleigubílnum af hálfu eða að skipun hvaða ríkisstjórnar eða yfirvalda sem er á landsvísi eða í héraði, verkfallsaðgerðum eða annarra sambærilegra atburða.
- um er að ræða hvers kyns skemmdir af völdum kjarnorku, jónandi geislunar og geislavirkra efna.
- tjón verður af völdum skordýra eða meindýra.
- um er að ræða tjón af völdum hvers kyns sviksamlegs, óheiðarlegs eða saknæms verknaðar sem framinn er af tryggðum eða þeim sem hann er viðriðinn.
- um er að ræða kostnað sem stofnað er til, hafnað er greiðslu á eða greiddur er af bílaleigunni eða tryggjendum hennar.
- um er að ræða kröfu vegna verksmíðjugalla og eða framleiðsluskemmda.
- tjón hlýst af akstri aðila sem ekki eru nafngreindir í bílaleigusamningi og uppfylla önnur skilyrði sem tryggðir.

4. gr. Tilkynning um tjón – ráðstafanir vegna tjóns

- Verði hvers konar tjón sem varðar bílaleigubíl eða notkun hans, skal tryggður tilkynna það til félagsins eins fljótt og því verður við komið.
- Þegar tjón hefur orðið, eða bein hætta er á því að það muni bera að höndum, ber tryggðum að reyna að afstýra tjóni eða draga úr því. Einnig ber tryggðum að gera ráðstafanir til að tryggja endurgreiðslu félagsins ef hann á rétt til bóta frá þriðja aðila. Tryggður skal, sé þess kostur, gefa félaginu tækifæri til að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað. Vanræksla á þessum skyldum tryggðs getur valdið skerðingu eða missi tryggingarverndar eftir lögum um tryggingarsamninga.
- Korthafi sér um að gera upp við viðkomandi bílaleigu og sendir síðan kvittun til félagsins ásamt þeim gögnum sem við á.

5. gr. Ákvörðun bótaskyldu

Engum er heimilt að viðurkenna bótaskyldu fyrir hönd Varðar nema að fengnu skriflegu samþykki félagsins eða samstarfsaðila, né veita fyrirheit um nokkrar skuldbindingar af þess hálfu. Félagið skal hafa óskorðaðan rétt til að reka mál, stýra og semja um lyktir mála sem rísa kunna vegna eða í tengslum við kröfur á hendur tryggðu.

6. gr. Undanskilin áhætta

Tryggður veldur tryggingaratburði af:

Ásetningi: Hafi tryggður af ásetningi valdið því að tryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.

Stórkostlegu gáleysi: Hafi tryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að tryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004. Við mat á því hvort háttsemi telst fela í sér stórkostlegt gáleysi er meðal annars litið til þess hvort tryggður taldist ekki geta stjórnað ökutæki örugglega eða var óhæfur til þess samkvæmt ákvæðum umferðarlaga vegna undanfarandi neyslu áfengis, fíkniefna, örvandi eða deyfandi lyfja.

7. gr. Gildistími tryggingarinnar

Tryggingin gildir frá og með þeirri stundu er tryggður öðlast lögmætan tímabundinn yfirráðarétt yfir bílaleigubíl og fellur úr gildi á þeirri stundu er bílaleigan tekur aftur við honum, hvort heldur á afgreiðslustað sínum eða annars staðar. Tryggingin gildir þó einungis yfir leigu í 31 dag eða skemur.

8. gr. Tryggingarfjárhæð

Félagið greiðir bætur allt að USD 50.000 (eða jafngildi þess í gjaldmiðli viðkomandi lands).

9. gr. Eigin áhætta

Tryggður ber eigin áhættu kr. 25.000 í hverju tjóni.

10. gr. Framsal réttar – endurkröfuréttur

Tryggingartaki má ekki án samþykkis félagsins framselja eða veðsetja réttindi sín samkvæmt tryggingarsamningnum. Bæti félagið tjón, sem þriðji maður ber skaðabótaábyrgð á, öðlast það rétt tryggðs gagnvart honum að því marki sem bótunum nemur.

Um allar kröfur sem reistar eru á tryggingu þessari skal fara að íslenskum lögum og skulu íslenskir dómstólar einir hafa lögsögu um hvers konar ágreining er rísa kann á grundvelli tryggingar þessarar.

11. gr. Ökutæki sem ekki falla undir tryggingu þessa

Tryggingin tekur ekki til leigu á sérstaklega hraðskreiðum ökutækjum, svo sem, Aston Martin, Ferrari, Porsche, McLaren, Lamborghini og annarra slíkra, auk ökutækja sem eru meira en 20 ára gömul eða sem ekki hafa verið framleidd í 10 ár eða lengur.

Þá tekur tryggingin ekki til leigu vissra farar- og ökutækja, þ.e.a.s. vörubíla, sendibíla, dráttarvéla, hvers konar vinnuvéla, tengivagna og hjólhýsa, húsbíla, bifhjóla, reiðhjóla með hjálparvél, léttra bifhjóla, torfærubíla til aksturs utan vega og tómsfundafarartækja.

2. Kafli. Viðbótar ábyrgðartrygging bílaleigubíls

12. gr. Gildisákvæði

- Hafi korthafi Platinumkorts, Premiumkorts, Viðskiptakorts eða Premium vildarviðskiptakorts í gildi mun félagið bæta sérhverja þá skaðabótakröfu sem tryggðir sem nafngreindir eru í bílaleigusamningi, kunna að verða ábyrgir fyrir gagnvart þriðja aðila, sem ökumenn bílaleigubílsins á leigutímanum.
- Trygging þessi tekur við þegar skaðabótakröfur sem falla kunna á tryggðan hafa farið umfram tryggingarfjárhæðir og sjálfsábyrgðir lögbundinnar ábyrgðartryggingar bílaleigubílsins og eða annarrar viðlíka ábyrgðartryggingar sem bílaleigufyrirtækið hefur tekið.
- Tryggingin gildir einungis yfir leigu í allt að 31 dag á 90 daga ferðatímabili.
- Ákvæði tryggingarinnar er undir engum kringumstæðum viðtækari en þær tryggingar sem eru innifaldar í bílaleigusamningnum.
- Tryggðir eru ökumenn bílaleigubílsins sem eru korthafi Platinumkorts, Premiumkorts, Viðskiptakorts eða Premium vildarviðskiptakorts svo og ökumenn sem tengjast korthafa: maki, sambýlismaki, börn, foreldrar, tengdaforeldrar og systkini. Í Viðskiptakorti og Premium vildarviðskiptakorti er viðskiptavinur eða samstarfsfélagi í samfylgd korthafa einnig tryggðir. Skulu tryggðir ökumenn skráðir í bílaleigusamningi og skal sá þeirra sem fyrstur er tilgreindur vera handhafi Platinumkorts, Premiumkorts, Viðskiptakorts eða Premium vildarviðskiptakorts. Allir tryggðir ökumenn skulu hafa gild ökuskírteini.

Trygging þessi gildir ekki á Íslandi, Rússlandi og fyrrum lýðveldum Sovétríkjanna (Eystrasaltsríkin undanskilin) og Afríku (S.-Afríka undanskilin) og ekki innan dvalarlands korthafans.

13. gr. Tryggingarfjárhæð

Félagið greiðir allt að USD 1.000.000 í umframskaðabætur.

14. gr. Tryggingarsvið

Tryggingin er viðbótarábyrgðartrygging og tekur til sömu tryggingarverndar og hin lögbundna ábyrgðartrygging bílaleigubílsins nær til eða önnur viðlíka ábyrgðartrygging sem bílaleigufyrirtækið hefur tekið.

Það er skilyrði fyrir bótum úr tryggingunni að tryggður lögbundinnar ábyrgðartryggingar bílaleigubílsins eða aðrir tryggðu sem annast viðlíka ábyrgðartryggingu fyrir bílaleigufyrirtækið hafi viðurkennt bótaskyldu eða hafi verið taldir skuldbundnir til að greiða skaðabótakröfu sem fram er komin. Trygging þessi tekur þá við þegar hin lögbundna ábyrgðartrygging eða önnur viðlíka ábyrgðartrygging getur ekki að fullu greitt skaðabótakröfuna vegna þess að tryggingarfjárhæðin er að fullu greidd og greiðir þá trygging þessi þann mismun allt að því hámarki sem getið er í 2. gr. hér að framan.

Trygging tekur sérstaklega til hvers tryggðs einstaklings sem krafa er gerð á eða lögsókn hafin gegn, þó með þeirri undantekningu að það að fleiri en einn tryggður einstaklingur eigi í hlut skuli ekki stuðla að hækun tryggingarfjárhæðar sem tilgreind er 13. gr.

15. gr. Gildistími tryggingarinnar

Tryggingin gildir frá og með þeirri stundu er tryggður öðlast lögmætan tímabundinn yfirráðarétt yfir bílaleigubíl og fellur úr gildi á þeirri stundu er bílaleigan tekur aftur við honum, hvort heldur á afgreiðslustað sínum eða annars staðar. Tryggingin gildir þó einungis yfir leigu í 31 dag eða skemur.

16. gr. Kostnaður, gjöld og útgjöld

Þegar tryggður hefur rétt á vernd úr annarri tryggingu t.d. lögbundinni ábyrgðartryggingu bílaleigubílsins eða annarri viðlíka tryggingu, áskilur félagið sér rétt, þó án þess að verða skuldbundið til slíks, að eiga aðild að málsvörn og stjórn hvers kyns kröfu eða lögsókn sem eðlilega má vænta að félagið eigi hlut að samkvæmt ákvæðum tryggingarskilmálanna.

Öll útgjöld vegna rannsóknar og málsvarnar í kröfumálum sem trygging þessi tekur til, þ.m.t. réttarkostnaður, tryggingar settar vegna áfrýjunar, vextir áður og eftir að dómur er kveðinn upp, skulu ekki falla undir bótamörk tryggingarinnar.

17. gr. Undanskildar áhættur

Til viðbótar þeim undanskildu áhættum sem bílaleigusamningur hefur að geyma, tekur tryggingin þessi ekki til:

- bótaskyldu sem tryggða er gert að axla samkvæmt lögum um ótryggða ökumenn, eða lögum er varða tjón án sakar bílstjóra og lögum um slys þeirra sem verða fyrir slíkum tjónum eða hvaða öðrum svipuðum lögum sem vera kann. Með því að gangast undir tryggingu þessa samþykkir korthafi að hann komi fram fyrir sjálfs síns hönd og fyrir hönd allra annarra einstaklinga sem kynnu að vera meðtryggðir samkvæmt tryggingu þessari. Tryggður hafnar því ennfremur, að því marki sem lög leyfa, að tryggingin taki til nokkurrar tryggingarverndar sem annars kynni að vera krafist að einhverjum slíkum lögum. Þessi undanskilda áhætta tekur þó ekki til skaðabóta, allt að USD 100.000 samtals, sem hinn

tryggðir og meðtryggðir eiga rétt á að innheimta samkvæmt ákvæðum tryggingarinnar er tekur til ótryggðs eða ótryggðs ökumanns eða slyss þar sem slysvaldur hverfur af vettvangi.

- b. líkams- eða eignatjóns þeirra sem tryggðir eru samkvæmt tryggingu þessari eða, að því marki er lög leyfa í ríki því sem bílaleigusamningurinn er undirritaður í, eða líkamstjóns eða eignatjóns nokkurs einstaklings sem tengist hinum tryggðu blóðböndum, venslum eða með ættleiðingu og býr undir sama þaki.
- c. skaðabótaúrskurðar í refsingarskyni eða öðrum til varnaðar.
- d. neinna skuldbindinga kann að vera gerður ábyrgur fyrir samkvæmt lögum um bætur til verkamanna, vegna atvinnusjúkdóms, atvinnuleysisbóta eða örorkubóta eða svipuðum lögum.
- e. líkamstjóns eða eignatjóns sem er afleiðing dreifingar, sleppingar, skyndilegs leka eða seitlei hvers konar olíu, jarðolíuefna eða afleiddra efna, fituefna, reyks, gufu, sóts, hvers kyns skaðlegs og eitraðs efnis, vökva og lofttegunda eða annarra ertingarvalda eða mengunarvalda í eða á jarðvegi, andrúmslofti eða hvers kyns straumvatni eða stöðuvatni, eða votlendi, en takmarkast þó ekki við hættuleg efni í grunnvatni, jarðvegsgrunni eða nokkuð það sem þar er. Undanþága þessi á einnig við um hreinsunarkostnað sem stofnað er til og hvers kyns líkams- eða eignatjón sem hlýst af eða er í tengslum við hvaðeina er hér að ofan greinir. Ákvæði þetta tekur þó ekki til þess er hér segir:
 - sé geymi eða annarri slíkri geymslu er inniheldur mengunarvalda velt, hvolfst eða hún skemmd vegna notkunar hins tryggða bílaleigubíls; eða
 - valdi slík velta eða skemmdir á bifreiðinni losun, sleppingu eða skyndilegum leka mengunarvalda.
- f. bótaskyldu tryggðs sem beint eða óbeint rís af, á sér stað vegna eða er afleiðing styrjalda, innrásar, athafna erlendra óvina, hernaðaráttaka (hvort sem stríði hefur verið lýst yfir eða ekki), borgarastyrjalda, uppreisnar, byltingar, uppþots, valdatöku hers eða annarra aðila, upptöku eignar eða þjóðnýtingar, valdboðskrá, eyðileggingar eða skemmda á eign af hálfu eða að skipun hvaða ríkisstjórnar eða yfirvalda sem er á landsvísu eða í héraði.
- g. líkams- eða eignatjóns vegna flutninga, geymslu, meðhöndlunar, dreifingar, sölu eða ráðstöfun asbestefna, varnings eða vara sem innihalda asbestefni.
- h. líkams- eða eignatjón vegna framleiðslu, meðhöndlunar, dreifingar, sölu, beitingar, neyslu eða notkunar einhverra vara sem vítað er að innihalda fjöklórað bifnýl eða sem innihalda afleidd fjöklóruð bifnýlfefni eða sem í efnaðnaði er almennt vítað að byggja á líkri formúlu eða virkni, án tillits til þess undir hvaða nafni vörurnar eru framleiddar, seldar eða þeim dreift.
- i. líkams- eða eignatjóns sem orsakast af hættulegum eiginleikum efna eða kjarnaefna sem:
 - einhverjum einstaklingi eða stofnun er skylt að hafa fjárhagslega tryggingu yfir samkvæmt lögum um kjarnorku frá 1954 (USA) eða hvers kyns lagabreytingum á þeim; eða
 - tryggðir á eða myndi eiga, hefði trygging þessi ekki verið gefin út, rétt á skaðabótum frá Bandaríkjunum Norður-Ameríku eða einhverri stofnun á vegum þeirra samkvæmt samningi sem gerður hefur verið af Bandaríkjunum eða einhverri ríkisstofnun þeirra við einvern einstakling eða stofnun.
- j. félagið veitir ekki tryggingarvernd neinum tryggðum aðila sem sett hefur fram sviksamlegar fullyrðingar eða sýnt sviksamlegt hátterni í tengslum við hvers konar óhapp eða tjón.
- k. félagið veitir ekki tryggingarvernd neinum tryggðum sem veldur vísvitandi líkamstjóni eða eignatjóni.
- l. tryggingarvernd er aðeins veitt vegna leigu á einu ökutæki í hverju einstöku tilviki sem kann að vera ekið og rekið af einhverjum þeirra sem til greina koma sem tryggðir aðilar svo sem fram kemur í bílaleigusamningi, og skal þá þeirra sem fyrstur er tilgreindur sem ökumaður vera handhafi Platinumkorts, Premiumkorts, Viðskiptakorts eða Premium vildarviðskiptakorts. Tryggingin tekur gildi frá og með þeirri stundu er tryggður öðlast lögumtætan tímabundinn yfirráðarétt yfir bílaleigubílnum og fellur úr gildi á þeirri stundu er bílaleigufyrirtækið tekur aftur við honum, hvort heldur á afgreiðslustað sínum eða annars staðar. Bótaskylda samkvæmt ákvæðum tryggingar þessarar er takmörkuð við bótaskyldu sem tryggður hefði verið verndaður fyrir hefði hann tekið viðbótarábyrgðartryggingu eða aðra viðlíka tryggingu hjá bílaleigunni.

18. gr. Skilyrði

a. Samþykki hins tryggða

Með því að samþykkja viðbótarábyrgðartryggingu í bílaleigusamningi, afsalar tryggður sér og fyrir hönd annarra tryggða rétti sínum um tryggingarvernd úr tryggingu þessari.

b. Kröfur á hendur félaginu

Krafa á hendur félaginu telst ekki réttmæt nema að tryggður hafi fyllilega hlítt öllum skilmálum tryggingarinnar. Bætur greiðast því aðeins að þær hafi verið ákvarðaðar með dómi eða með skriflegu samþykki tryggða, kröfuhafa og félagsins. Hámarksbætur takmarkast við tryggingarfjárhæð tryggingarinnar. Skyldu félagsins til að ná sáttum eða halda uppi vörnum lýkur þegar tryggingarfjárhæðin hefur verið greidd að fullu. Félaginu ber engin skylda til að halda uppi vörnum í nokkru máli eða ná sáttum um nokkra kröfu vegna líkamstjóns eða eignatjóns sem tryggingin tekur ekki til. Enginn einstaklingur eða stofnun á neinn rétt samkvæmt tryggingu þessari til að tengja félagið neinni beinni málshöfðun á hendur hinum tryggða til að ákvarða skaðabótaskyldu hans né getur hinn tryggði eða löglegur fulltrúi hans tengt félagið slíkum málaferlum. Hafi tryggði eða bú tryggða orðið gjaldþrota eða ógjaldfært breytir það í engu skuldbindingum félagsins samkvæmt tryggingu þessari.

c. Áfrýjanir

Í því tilviki að tryggði kjósi að áfrýja ekki dómsúrskurði þar sem kröfufjárhæð fer umfram tryggingarfjárhæð lögbundinnar ábyrgðartryggingar bílaleigubílsins eða annarrar viðlíkrar tryggingar, kann félagið að gera slíkt á eigin kostnað og skal þá bera skattskyldan kostnað, útlagðan kostnað og vexti sem á kunna að falla en þó skal bótaskylda félagsins í engu tilviki vera umfram þá upphæð sem tilgreind er í tryggingu þessari fyrir neitt eitt tilvik auk skattskylds kostnaðar, útlagðs kostnaðar og vaxta er á kunna að falla við slíka áfrýjun.

d. Framsal

Framsal hagsmuna samkvæmt tryggingu þessari bindur ekki félagið nema samþykki þess sé ritað á það.

e. Aðstoð og samvinna tryggða

Tryggða ber að hafa samvinnu við félagið um rannsókn, uppgjör kröfu eða málsvörn hvers kyns kröfu eða lögsóknar.

f. Gjaldprot og ógjaldfærni

Ógjaldfærni eða fjárhagsleg vanhæfni tryggðs hækkar hvorki þær fjárhæðir sem félagið hefði að öðrum kosti þurft að greiða, né kemur trygging þessi til viðbótar við neina skerta bótafjárhæð sem bjóðast kann vegna ógjaldfærni eða fjárhagslegrar vanhæfni tryggðs

g. Breytingar

Tilkynning til eða vitneskja einhvers umboðsmanns eða einhvers annars einstaklings hefur hvorki áhrif á afsal eða breytingu neins hluta þessarar tryggingar, né kemur slíkt í veg fyrir að félagið fái nýtt réttindi samkvæmt tryggingunni, né skal vera unnt að afsala sér skilmálum tryggingarinnar eða breyta þeim nema með áritun sem mynda skal hluta þessarar tryggingar og vera undirrituð af til þess bærum fulltrúa félagsins.

h. Tjónstilkynning

Þegar atvik verður sem veldur líkamstjóni eða skemmdum á eignum og eðlilega mætti ætla að það yrði tilefni kröfugerðar samkvæmt tryggingu þessari, skal tilkynna tjónið eins fljótt og því verður við komið til félagsins. Slík tilkynning kemur til viðbótar hvaða öðrum skuldbindingum sem tryggði kann að hafa samkvæmt lögbundinni ábyrgðartryggingu bílaleigubílsins eða annarri viðlíka tryggingu sem tekin er af bílaleigunni. Slík tilkynning skal veita glöggar upplýsingar um hinn tryggða og upplýsingar sem eðlilegt má telja að afla megi með hliðsjón af tíma, staðsetningu og aðstæðum við tjónsatburð. Tryggði skal á sama hátt senda tilkynningu til félagsins um hvers kyns kröfu eða lögsókn sem honum kann að berast vegna slíks atburðar og afhenda öll skjöl og gögn þar að lútandi. Leyni tryggður félaginu vísitandi upplýsingum er varðar slíka kröfu eða lögsókn eða afhendi hann ekki gögn er málið varðar getur slíkt framferði leitt til missis tryggingarverndar samkvæmt tryggingu þessari.

i. Aðskilnaður hagsmuna

Tryggingin tekur sérstaklega til hvers tryggðs einstaklings sem krafa er gerð á eða lögsókn hafin gegn, þó með þeirri undantekningu að þótt fleiri en einn tryggður einstaklingur eigi í hlut skal það ekki stuðla að hækkun bótaskyldumarks félagsins samkvæmt 2. gr. tryggingarinnar.

j. Kröfuhafaskipti

Bæti félagið tjón samkvæmt tryggingu þessari, skal félagið taka við öllum réttindum tryggða til endurheimtu er tengjast slíkri greiðslu, gagnvart hvaða einstaklingi eða stofnun sem er, og skal tryggði láta gera og afhenda löggerninga og skjöl og gera hvaðeina sem nauðsynlegt kann að vera til að tryggja slík réttindi. Hinn tryggði skal ekki gera neitt það eftir að tjónsatvik verður er stofnað geti slíkum réttindum í hættu. Allar endurkröfur sem innheimtar eru eða tekið er við eftir uppgjör á tjóni samkvæmt tryggingu þessari skulu nýttar eins og hefðu þær endurheimts eða við þeim verið tekið fyrir slíkt uppgjör tjóns og allar nauðsynlegar ráðstafanir þá gerðar milli tryggða og félagsins.

3. Kafli. Almenn ákvæði

19. gr. Greiðsla bóta og vextir

Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til að meta tryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Tryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 50. gr. laga nr. 30/2004.

20. gr. Frestur til að tilkynna tjón – fyrning

Tryggður glatar rétti til bóta ef:

- hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á.

- b. hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. gr. eða 124. gr. laga nr. 30/2004.

21. gr. Meðferð ágreiningsmála og varnarþing

Verði ágreiningur um trygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningum sem Ísland er bundið af.

Ágreiningi varðandi tryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til Tjónanefndar tryggingarfélaganna og Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um þessar nefndir og starfshætti þeirra má fá hjá félaginu.

Þrátt fyrir úrræði skv. 2. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla.

22. gr. Heimili og varnarþing

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Mál sem rísa kunna vegna tryggingarinnar skal reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Verði ágreiningur um trygginguna, þ.m.t. þegar bótakrafa snertir íslenska hagsmuni, skal íslenskur dómstóll skera úr henni samkvæmt íslenskum lögum.

Skilmáli þessi gildir frá 01.05.2024